

Dags eftirlits	31.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Coripharma	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Reykjavíkurvegur 76-78	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	491002-3280	Flokkur	Lyfjaiðnaður
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhannes Helgason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Tryggvi Þorvaldsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik voru sett í eftirlitinu en settar voru fram þrjár ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Coripharma að Reykjavíkurvegi í Hafnafirðii þann 31. október 2023. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 31. mars 2014 sem gildir til 30. mars 2026.

### Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Kynning á heimild til álagningu stjórnvaldssektar
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits
- Gjaldskrá
- Fráveita
- Geymsla hættulegra efna og efnasambanda
- Spilliefni og úrgangur
- Áhættumat
- Kvartanir
- Annað
- Vettvangsferð

### Niðurstöður síðasta eftirlits

Eitt frávik er opið frá fyrra eftirliti er varðar efni á lista II í viðauka reglugerðar um varnir gegn mengun vatns sé losað í fráveitu árin 2019 og 2020 án sérstakrar heimildar og losunarmarka í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur sent inn umsókn um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Ein ábending var opin frá fyrra eftirliti er varðaði þörf á að uppfæra efnagagnagrunninn og vísa í öryggisblöð á íslensku, og ensku eftir tilvikum sbr. 5.gr reglugerðar 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir að því er varðar efni. Fram kom í eftirliti ársins að búið er að bæta aðgengi að öryggisblöðunum og hafa allir starfsmenn aðgang að efnalista fyrirtækisins með tengil á öryggisblöðin.

### Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar

Ekki er til áætlun um frágang og rekstrarstöðvun en verið er að vinna í gerð slíkrar áætlunar.

### Kynning heimild til álagningu stjórnvaldssektar

Upplýsingar um heimild stofnunarinnar til álagningar stjórnvaldssektar var sent til rekstraraðila fyrir eftirlitið ásamt því að vera kynnt í eftirlitinu.

### Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg

Upplýsingar um gagnagrunn stofnunarinnar um mengaðan jarðveg voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið ásamt því að vera kynntar í eftirlitinu.

### Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits

Upplýsingar um breytt fyrirkomulag við boðun eftirlits voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið ásamt því að vera kynntar í eftirlitinu.

### Gjaldskrá

Upplýsingar um nýja gjaldskrá voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið og ræddar í eftirlitinu.

## Fráveita

Rætt var um fráveitumál fyrirtækisins í eftirlitinu og niðurstöður sýnatökunnar úr settönkunum. Það kom í ljós að sýnið sem sent er í efnagreiningu úr settönkunum er ekki tekið úr afrennslinu á tönkunum heldur beint úr settankinum. Bent var á að þetta getur valdið skekkju þar sem slík sýnataka er ekki að sýna raunverulegt ástand þess vatns sem fer úr tönkunum og út í fráveituna og með tilliti til þess að sýnataka er að sýna hækkuð gildi fyrir efni sem ekki er heimilt að sleppa í fráveituna án heimildar í starfsleyfi er mikilvægt að sýnataka lýsi raunverulegu innihaldi fráveituvatnsins.

Þegar eftirlitið fór fram var ný lokið við að taka sýnin úr settönkunum. Rekstraraðili kom fram með þá tillögu að tekin yrðu viðbótar sýni úr frárennslinu frá settönkunum og einnig send í efnagreiningu. Rekstraraðili sendir Umhverfisstofnun niðurstöðu sýnatökunnar þegar hún berst.

Settankarnir hafa ekki verið tæmdir síðan áður en Coripharma hóf rekstur á svæðinu. Þykkt setlagsins í tönkunum er skoðað árlega og hefur þykktin ekki enn náð þeirri þykkt sem verkferill rekstraraðila segir til um að sé hámarks þykkt sets í tönkunum. Bent var á að þó að hámark þykkt sets sé ekki náð getur það engu að síður verið mikilvægt að tæma setið til að skoða hvort innihald tankanna sé að skekkja niðurstöður frárennslisins.

Rekstraraðili hefur sjálfur framkvæmt lyfjamælingar í fráveituvatninu en hingað til hefur ekkert greinst í þeim mælingum. Rekstraraðili gat í eftirlitinu ekki svarað því hve mikið vatn fer í fráveituna um settankana og getur því ekki ákvarðað magn mengunarefnanna sem fer í fráveituna. Rekstraraðili upplýsti í eftirlitinu að hann muni hið snarasta áætla vatnsmagnið og upplýsa Umhverfisstofnun um það.

Í eftirlitinu var að auki rætt um þær kröfur sem gerðar eru í BAT varðandi losun í fráveitu, einnig var rætt um komandi reglugerðir frá Evrópusambandinu og hvaða áhrif þær geti haft á starfsemina.

## Geymsla hættulegra efna og efnasambanda

Í eftirlitinu voru skoðaðar efnageymslur en hættuleg efni skulu geymd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Ekki voru gerðar athugasemdir við efnageymslurnar.

## Spilliefni og úrgangur

Aðstaða fyrir geymslu spilliefna og úrgangs var skoðuð. Um er að ræða læstan gám sem geymdur er utandyra. Gámurinn er útbúinn með lekavörn. Ekki voru gerðar athugasemdir við aðstöðuna.

## Áhættumat

Farið var stuttlega yfir áhættumatið sem Umhverfisstofnun gerir fyrir reksturinn.

## Kvartanir

Engar kvartanir hafa borist hvorki til Umhverfisstofnunar né rekstraraðila

## Vettvangsferð

Gengið var um húsakynni rekstraraðila, í útgeymslu fyrir hættuleg efni er op niður úr kjallara byggingarinnar með

## ÁBENDINGAR

Mikilvægt er að sýni sem tekin eru úr frárennslinu sýni raunverulegt innihald fráveituvatnsins en ekki innihaldið í settankinum.

Skoða þarf hvort þörf sé á að tæma settankinn þrátt fyrir að þykkt setsins hafi ekki náð hámarks þykkt skv. verkferli rekstraraðila.

Til þess að áætla magn mengunarefna sem fer frá starfseminni í fráveituna er nauðsynlegt fyrir rekstraraðila að ákvarða vatnsrennslid.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.11.2023



Kristín Kröyer